

Reykjavík, 21. desember 2017

Úrskurður nr. 24/2017

Í dag var hjá embætti Tollstjóra kveðinn upp svofelldur

Ú R S K U R Ð U R

Kærandi: A

Kæruefni: Synjun á endurgreiðslu virðisaukaskatts af gjöf

I. Kæra

Með tölvupósti dags. 29. september 2017, hefur B hrl., f.h. A, kært til úrskurðar skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 ákvörðun Tollstjóra, dags. 19. september 2017, um synjun á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna gjafar til mannúðar- og líknarstarfsemi.

Kærandi krefst þess að fá endurgreiddan virðisaukaskatt vegna gjafar til A, á grundvelli þess að um sé að ræða gjöf til mannúðar- og líknarstarfsemi í skilningi 5. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, sbr. 33. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi, samtals að fjárhæð kr. 344.774.

II. Málsmeðferð

Þann 25. janúar 2017 sótti kærandi um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna gjafa sem hann hafði gefið C og D á árinu 2016. Af gögnum málsins má ráða að afstaða til umsóknar kæranda hafi verið tekin 21. febrúar 2017 þar sem sá hluti umsóknarinnar er varðaði C var samþykktur en þeim hluta sem snéri að D var hafnað. Aftur á móti láðist að tilkynna kæranda um þessa niðurstöðu embættisins fyrr en það var gert formlega með bréfi Tollstjóra, dags. 19. september 2017. Höfnun um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna gjafar til D byggðist á því að ekki var talið að samtökin teldust vera mannúðar-eða líknarstofnun í skilningi 5. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, sbr. 33. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi. Kæranda var leiðbeint um kærurétt skv. 117. gr. tollalaga og þann 29. september 2017 kærði kærandi ákvörðun Tollstjóra dags. 19. september 2017 um synjun endurgreiðslu

virðisaukaskatts vegna gjafar til D. Með tölvupósti, dags. 11. desember 2017 var umboðsmanni kæranda tilkynnt að kærán myndi njóta forgangs vegna þeirra tafa sem urðu á afgreiðslu kærunnar en auk þess var óskað eftir nánari upplýsingum á því hvernig þjónusta D veittu einstaklingum. Svör við tölvupósti Tollstjóra bárust símleiddis þann 13. desember 2017 en þar kom fram að meðferð D fælist í viðtalsmeðferð og aðhlynningu frá ýmist félags- eða sálfræðingum. Aðstoð samtakanna tæki til allra yfir 18 ára aldri sem þangað leituðu og samtökin sinntu öllu landinu.

III. Meginröksemdir kæranda

Kærandi tekur fram að mannúðar- og líknarstarfsemi á Íslandi sé m.a. á vegum félagasamtaka og sjálfseignarstofnana sem starfa ekki í hagnaðarskyni og eru hluti af hinum svokallaða þriðja geira, þ.e. starfsemi sem hvorki er hluti af opinbera geiranum eða einkageiranum. Kærandi tiltekur að D séu samtök sem berjast gegn óréttlæti og veita m.a. aðstoð fyrir fólk sem hafa verið beitt ofbeldi. Hér sé um mannúðar- og líknarstarf að ræða sem seint verður þakkað og er í reynd einstakt í íslensku velferðarkerfi. Vinna D fer m.a. fram í meðferðarformi þar sem skjólstaðingum þeirra er gefinn kostur að koma og fá aðstoð hjá sérfræðingum sem allir eru háskólamenntaðir með sérþekkingu á málefnum sem snýr að þeim vandamálum sem einstaklingar verða fyrir. Kærandi tekur sérstaklega fram að öll þjónusta D sé ókeypis og hún er opin öllum eldri en 18 ára án tillits til búsetu þeirra. Með allar persónuupplýsingar er farið sem algjört trúnaðarmál.

Að lokum tekur kærandi fram að hann styrki á ári allt að 100 milljónir króna til ýmissa verkefna. Áður en styrkir séu veittir er bakland styrkþega kannað og athugað hvort þeir falli undir skilgreininguna á mannúðar- og líknarstarfsemi eða ekki. Kærandi sækir að jafnaði ekki um endurgreiðslu þegar talið er að viðkomandi styrkþegi falli ekki undir mannúðar- eða líknarstarfssemi. Það er mat kæranda að D falli undir þriðja geirann sem mannúðar- og líknarstarfssemi með vísan til starfsemi þeirra. Í því sambandi bendir kærandi til fræðigreina og skilgreininga bæði hérlendis og erlendis á því hvað teljist vera *non-profit organizations and foundations*.

IV. Niðurstöður

Samkvæmt 5. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 skal endurgreiða virðisaukaskatt af tækjum og búnaði sem mannúðar- og líknarstofnanir fá að gjöf eða kaupa fyrir styrkfé, enda sé um að ræða vöru sem er nýtt beint í viðkomandi starfsemi. Endurgreiðsluheimild greinarinnar er bundin sömu skilyrðum og fram koma í b-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005, sbr. 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008.

Almennt ber að greiða aðflutningsgjöld af öllum vörum sem fluttar eru til landsins, skv. meginreglu 3. og 5. gr. tollalaga. Í 33. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi nr. 630/2008 er kveðið á um undanþágu frá þessari meginreglu vegna gjafa til mannúðar- og líknarstarfsemi. Í greininni er kveðið á um að undanþágan sé m.a. háð því skilyrði að gjafirnar séu til nota í starfsemi sjúkra-, umönnunar-, og meðferðarstofnana, dvalar- og vistheimila og sambýla fyrir fatlaðra, greiningarstöðva, öldrunarstofnana og stofnana í hliðstæðri starfsemi. Um er að ræða undanþágu frá meginreglu laganna um greiðslu aðflutningsgjalda og almennt ber samkvæmt viðteknum lögskýringarsjónarmiðum að túlka undanþágur frá meginreglum þröngt og gera ríkar kröfur um að skilyrðum þeirra sé fullnægt. Í tilviki 33. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi ber aftur á móti að túlka undantekninguna almennt og eftir orðanna hljóðan í samræmi við það sem fram kemur í álitni umboðsmanns Alþingis nr. 6565/2011. Í álitinu, sem fjallaði um gjöf til mannúðar- og líknarstarfsemi, er upptalning 33. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi skýrð á eftirfarandi hátt:

Af tilvitnaðri upptalningu 1. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008 á þeim stofnunum og félagasamtökum sem ákvæðið tekur til má draga þá ályktun að við útfærslu reglugerðarinnar á hugtakinu „mannúðar- og líknarstarfsemi“ í skilningi laga nr. 88/2005, og þar með hugtakinu „mannúðar- og líknarstofnun“ í skilningi laga nr. 50/1988, hafi ekki eingöngu verið litið til hefðbundinna hjálparstofnana. Þvert á móti er þar einnig talin upp starfsemi sem að öllu jöfnu er starfrækt í talsvert víðtækari tilgangi, einkum til ýmiss konar þjónustu við hópa með sérgreindar þarfir vegna sjúkleika, örorku eða elli. Leiðir þessi skilningur jafnframt af þeirri framsetningu ákvæðisins að það hefur að geyma auðkennatalningu, sbr. orðalagið: „aðila sem hafa með höndum sambærilega starfsemi“. Form stofnunarinnar er því ekki það sem ræður úrslitum við túlkun og beitingu ákvæðisins heldur hvort líta verði svo á að efnislega fari hlutaðeigandi aðili, sem fengið hefur gjöf, að hluta eða öllu leyti með starfsemi sem telst sambærileg við þá starfsemi sem þeir aðilar, sem taldir eru sérstaklega upp í ákvæðinu fara með, og að gjöfin nýtist beinlínis í þeirri starfsemi.

Kærandi gefur í kærú sinni í skyn að þau félög sem starfa í þriðja geiranum falli flestöll undir að vera mannúðar- og líknarstofnun í skilningi 33. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi enda séu viðkomandi félög *non-profit organizations and foundations*, þ.e. starfi ekki í hagnaðarskyni. Sú staðreynd að félagasamtök eða stofnun starfi ekki í hagnaðarskyni leiðir að mati Tollstjóra ekki sjálfkrafa til þess að viðkomandi teljist vera mannúðar- eða líknarstofnun heldur verða umrædd félagasamtök eða stofnun að veita almenningi þá þjónustu sem fellur undir 33. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi, sbr. tilvitnuð orð umboðsmanns Alþingis.

Í máli þessu er deilt um hvort D teljist vera mannúðar- eða líknarstofnun í skilningi 33. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi nr. 630/2008. Samtökin eru opin öllum yfir 18 ára aldri sem þangað leita en þær stofnanir og félög sem eru talin upp í 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008 eiga það allar sameiginlegt að starfsemi þeirra snýr að aðhlyningu eða aðstoð við vistmenn eða þá sem þangað leita. Ljóst er að ofbeldi getur haft alvarleg og langvarandi áhrif á þá sem

fyrir því verða og því er ljóst að hin andlega viðtalsmeðferð og aðhlyning D fyrir þolendur ofbeldis, sem framkvæmd er af faglærðum starfsmönnum, getur fallið undir 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið er það mat Tollstjóra að telja beri þá andlegu meðferð og aðhlyningu sem D veitir öllum sem til þeirra leita vera sambærilega við þá starfsemi sem sérstaklega er tilgreind í 33. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi nr. 630/2008. Umsókn kæranda um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna gjafar til D uppfyllir því skilyrði nefndrar reglugerðar og af þeim sökum ber að samþykkja hana.

ÚRSKURÐARORÐ

Embætti Tollstjóra úrskurðar skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, að ákvörðun Tollstjóra, dags. 19. september 2017, um synjun á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna gjafar til D, er felld úr gildi. Fallist er á kröfu kæranda um endurgreiðslu virðisaukaskatts af nefndri gjöf, samtals að fjárhæð kr. 344.774.